

## 1922. fundur bæjarstjórnar 04.12.2023

2308876 – Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027, síðari umræða – tillögur Samfylkingarinnar

### 1. Lækkun gjaldskrár og þjónustugjalda

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að 800 milljónum króna verði ráðstafað til lækkunar gjaldskrár og þjónustugjalda bæjarins á komandi ári, þannig að Hafnarfjarðarbær leggi sitt að mörkum til að ná niður verðbólgu, bæta kjör launafólks og liðka fyrir farsælli niðurstöðu kjarasamninga á komandi ári. Útfærsla verði unnin af bæjarráði og tillögur um skiptingu þessarar útgjaldaldalækkunar gagnvart bæjarbúum verði síðan staðfestar í bæjarstjórn í byrjun árs 2024.

#### Greinargerð:

Í tekjuöflunar- og sparnaðartillögum Samfylkingarinnar er að finna nýja tekjuöflun að upphæð 1320 milljónir króna. Útgjöld til fjölbættra verkefna er um 600 milljónir króna samkvæmt tillögum jafnaðarmanna. Þær 800 milljónir sem eftir standa af tekjuaukanum verði nýttar til lækkunar gjaldskrár og þjónustugjalda gagnvart bæjarbúum skv. nánari útfærslu og tillögum bæjarráðs og verði síðan staðfestar í bæjarstjórn á fyrstu vikum ársins 2024.

### 2. Gjaldskrá vegna skólamáltíða - uppfærð tillaga

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar vegna skólamáltíða í leik- og grunnskólum verði hækkuð þannig að kostnaðarhlutdeild bæjarins verði 50% frá og með 1. janúar 2024. Kostnaðarauki verði um 103 milljónir króna á árinu 2024.

#### Greinargerð:

Sú ákvörðun meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks að hækka gjaldskrá notenda vegna skólamáltíða í grunnskólum um 33% og um 19% í leikskólum frá og með 1. nóv. sl. bitnar verst á þeim sem búa við kröppustu kjörin í samfélaginu. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar greiddu atkvæði gegn þessari ákvörðun í bæjarstjórn. Foreldraráð Hafnarfjarðar hefur mótmælt þessari hækkun harðlega og telur að þessi mikla hækkun ýti undir ójafnræði milli barna og að hún sé á skjön við Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna og lög um farsæld. Það er því brýnt að meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks endurskoði þessa ákvörðun og dragi hana til baka. Vernda verður barnafjölskyldur í bænum gegn þessari miklu hækkun á gjaldskrá vegna skólamáltíða. Bæjarfulltrúar jafnaðarmanna leggja hér til að hækka framlag til verkefnisins um 100 milljónir, sem fyrsta skref í þá átt að gera skólamáltíðir fyrir ungmenni bæjarins aðgengilegar fyrir alla - burtséð frá afkomu foreldra.

### 3. Húsnæðisskrifstofa - fjölgun félagslegra íbúða

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að framlag til fjárfestingar í félagslega íbúðakerfinu verði aukið um 200 milljónir, verði 400 milljónir á árinu 2024. Gert er ráð fyrir að Húsnæðisskrifstofa geti gengið frá kaupum á ca 15 íbúðum á næsta ári, enda er gert ráð fyrir því, að fasteignalán fylgi íbúðunum, sem staðið verði skil á að verulega leyti með leigugreiðslum notenda.

## **Greinargerð:**

Á undanförunum árum hefur félagslegum íbúðum fjölgað afar hægt hjá Hafnarfjarðarbæ. Það kallar á kraftmeiri fjárfestingu í kerfinu. Á yfirstandandi ári hafa 2 íbúðir verið keyptar inn í kerfið og sömu sögu er að segja frá síðasta ári. Biðlistar eftir félagslegu húsnæði eru langir, hlaupa á hundruðum einstaklinga og fjölskyldna og margt fólk þar í mikilli neyð. Þess vegna er nauðsynlegt að fjölga markvisst félagslegum íbúðum sveitarfélagsins og setja aukinn kraft í þetta mikilvæga verkefni. Í Reykjavík er gert ráð fyrir að fjölga félagslegum íbúðum um 90 á næsta ári. Ef Hafnarfjörður ætlaði sér að fjölga hlutfallslega jafn mikið og Reykjavík þá þyrfti fjölgunin að nema um 16 íbúðum á ári. Hér er gert ráð fyrir átaki í þessum efnum og einnig breyttri nálgun og horfið verði frá því fyrirkomulagi að staðgreiða keyptar íbúðir, en þess í stað verði hagkvæm lán látin fylgja íbúðunum; lán sem greidd verða niður með hófstílltum greiðslum leigjenda. Ljóst er að bærinn hefur tekið lán sem eru eyrnamerkt Húsnæðisskrifstofu. Mikilvægt er að koma þeim málum í fastari skorður og að árlegt sjálfstætt uppgjör fylgi Húsnæðisskrifstofu (eignir, lán, tekjur, framlag Hafnarfjarðarbæjar), þannig að heildstætt yfirlit sé fyrirliggjandi. Það mikilvægt í þessum mikilvæga málaflokki. Einnig að aðgengi upplýsinga verði þannig tryggara gagnvart kjörnum fulltrúum, ekki síst í Fjölskylduráði.

### **4. Brettafélag - húsnæðismál**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að framlag kaup/leiga á nýju húsnæði fyrir starfsemi Brettafélagsins verði 50 milljónir króna á árinu 2024.

## **Greinargerð:**

Ljóst er að húsnæði Brettafélagsins við Flatahraun er alls óviðunandi. Húsnæðið er komið til ára sinna og viðhaldi lítt verið sinnt. Mygla er í hluta hússins, sem gerir þann hluta ónothæfan. Mikilvægt er að þetta vaxandi og kraftmikla íþróttafélag fái þann stuðning sem því ber, enda hafa forsvarsmenn þess ítrekað óskað eftir endurbótum á húsnæðinu eða ný húsakynni fyrir hina virku starfsemi. Bæjarráð samþykkti á fundi þann 31.11.2023 að taka á leigu húsnæði við Selhelli 7 sem að stærstum hluta verður nýtt af Brettafélagi Hafnarfjarðar. Fulltrúar Samfylkingarinnar telja eðlilegt að gert sé ráð fyrir fjármunum í verkefnið við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2024.

### **5. Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að framlag til Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar verði 8 milljónir á árinu 2024 vegna öflunar nýs húsnæðis til starfseminnar; kaup eða leiga.

## **Greinargerð:**

Dansíþróttafélagið hefur verið á hrakhólum hvað húsnæði varðar og þarf þak yfir höfuðið vegna kraftmikillar starfsemi sinnar. Í þessari tillögu er lagt til hófstíllt stofnframlag í þessa veru.

## **6. Leikfélag Hafnarfjarðar**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að framlag vegna starfsemi og húsaleigu Leikfélags Hafnarfjarðar verði 9 milljónir á árinu 2023.

### **Greinargerð:**

Leikfélag Hafnarfjarðar hefur verið á hrakhólum hvað húsnæði varðar undanfarin ár og nú síðast frá áramótunum 2021/2022 hefur félagið verið húsnæðislaust. Það er mikilvægt að bærinn styðji mikilvægt grasrótastarf í menningarmálum bæjarins eins og Leikfélag Hafnarfjarðar er. Þar hefur í gegn um tíðina verið unnið mikilvægt starf í þágu blómlegs menningarlífs og margt ungt fólk fengið þar tækifæri til að stíga sín fyrstu spor á leiklistarbrautinni. Mikilvægt er að styðja við þau til að tryggja að svo verði áfram. Framlag þetta er sem næst í samræmi við óskir félagsins.

## **7. Frístundastyrkur**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að frístundastyrkur verði alls 65 þúsund krónur á hvern einstakling, börn og ungmenni, á árinu 2024 og hækki um 10 þúsund krónur milli ára. Lágmarksaldur miðist við 5 ára aldur. Viðbótarkostnaður verði um 60 milljónir á komandi fjárhagsári.

### **Greinargerð:**

Mikilvægi frístundastyrksins er óumdeilt og skiptir máli fyrir börn og ungmenni bæjarins og fjölskyldur þeirra. Með slíku framlagi er þess freistað að sem flestir geti tekið þátt í uppbyggilegri tómstunda- og/eða íþróttaiðkun. Þessi styrkur hefur ekki fylgt verðlagsþróun og það gerist ekki í tillögum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins skv. fyrirliggjandi fjárhagsáætlun. Við þessu er brugðist í tillögu Samfylkingarinnar, auk þess sem styrkurinn er hækkaður ríflega umfram verðlagsþróun. Jafnframt er ráð fyrir því gert að 5 ára aldur njóti einnig styrksins.

## **8. Frítt í Strætó fyrir börn 12-15 ára**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að börn í Hafnarfirði á aldrinum 12-15 ára fái frítt í strætó. Árlegur viðbótarkostnaður vegna þessa er um 40 milljónir kr.

### **Greinargerð:**

Bæði ungmennaráð og Foreldraráð Hafnarfjarðar hafa lagt til að hækka aldur barna sem fá frítt í strætó. Í því er fólgin bæði tímasparnaður og fjárhagslegur ávinningur fyrir foreldra og forráðafólk. Að auki dregur það úr umferð og hefur jákvæð umhverfisáhrif. Árlegur kostnaður er 40 milljónir.

## **9. Skólalóðir; endurgerð skóla- og leikskólalóða**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að framlag til endurgerðar skóla- og leikskólalóða hækki um 30 milljónir króna frá fyrirliggjandi tillögum í fjárhagsáætlun..

**Greinargerð:**

Uppsöfnuð þörf er á átaki í endurgerð skóla- og leikskólalóða vegna vanrækslu umliðinna ára. Í þessari tillögu er lagt til að taka stærri skref í þessum efnum en tillaga meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gerir ráð fyrir. Mikilvægt er að metnaður verði lagður í að gera skólalóðir í Hafnarfirði að eftirsóknarverðum leiksvæðum og til þess að svo megi verða er mikilvægt að samráð sé haft við ungmennaráð, Foreldraráð og starfsfólk skólanna ásamt starfsfólki umhverfis og fræðsluviðs.

**10. Aðgengismál**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að sérstakt aukaframlag upp á 40 milljónir króna verði eyrnamerkt nýju átaki í aðgengismálum í almenningstrýmum, s.s. á göngustígum, vegna lýsingar og hljóðmerkinga við gangbrautir.

**Greinargerð:**

Tillagan lýsir sér sjálf. Mikil þörf er á átaki í þessum efnum, sem tengist aðgengi fólks innan- og utanhúss. Sérstaklega ber að gaumgæfa umferðaröryggi í þessu sambandi, svo sem lýsingu, hljóðmerki við gangbrautir. Þarna er þörf á átaki. Þetta er skref í þá átt.

**11. Markaðsstofa Hafnarfjarðar**

Bæjarfulltrúar Hafnarfjarðar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að viðbótarframlag til Markaðsstofu Hafnarfjarðar verði 10 milljónir króna.

**Greinargerð:**

Markaðsstofa Hafnarfjarðar er mikilvægt tæki til að efla stöðu Hafnarfjarðar hvað varðar verslun og viðskipti. Þessa starfsemi þarf að styrkja myndarlega, en eins og sakir standa er henni þröngur stakkur skorinn. Með þessu viðbótarframlagi er styrkari stöðum skotið undir starfsemina. Með þeirri aukningu sem hér er lögð til getur Markaðsstofa Hafnarfjarðar aukið starfshlutfall starfsmanns og aukið þann enn frekar kraftinn í starfi Markaðsstofunnar. Einnig er mikilvægt að það verði skoðað í samstarfi við Markaðsstofu Hafnarfjarðar hvort æskilegt sé að gerður verði samningur um rekstur Markaðsstofunnar til lengri tíma með það að markmiði að tryggja enn betur festu og fyrirsjáanleika í starfseminni til framtíðar.

**12. Úttekt vegna raka- og mygluskemmda.**

Bæjarfulltrúar Hafnarfjarðar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fela fræðsluráði að gera sérstaka úttekt á mögulegri myglu í leik- og grunnskólum bæjarins. Hér er um fyrsta skref að ræða og kostnaður er áformaður 5 milljónir króna.

**Greinargerð:**

Fyrir liggja rannsóknir og upplýsingar, sem leitt hafa í ljós að vaxandi vandamál vegna myglu er að finna í opinberum byggingum, m.a. þeim sem þjónustu börn og ungmenni í leik- og grunnskólum. Hafnarfjarðarbær er þar ekki undanskilinn. Nauðsynlegt er að leita af sér allan grun í þessum efnum. Sérstaklega er sjónum hér beint að leik- og grunnskólum.

Venjubundnar ráðstafanir á borð við loftsíur, snögg viðbrögð við sjáanlegum lekavandamálum eru góðra gjalda verðar, en reynslan sýnir að þær duga ekki alltaf til. Áætlun um heildarúttekt liggur fyrir og kostnaður við slíka úttekt er umtalsverður, enda

mygla oft ekki sýnileg við yfirlitsskoðun, en jafn mikil ógn eftir sem áður gagnvart heilsu og vellíðan starfsfólk og nemenda. Tillagan gerir ráð fyrir að nokkrar stofnanir verði teknar í slíka úttekt á komandi ári.

### **13. Opinn kynningarfundur - íbúafundur um fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að á milli fyrri og síðari umræðu í bæjarstjórn verði haldinn opinn kynningarfundur fyrir íbúa þar sem fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 verður kynnt fyrir íbúum.

#### **Greinargerð:**

Virkt íbúalýðræði á að vera í öndvegi við stjórnun sveitarfélagsins. Það er mikilvægt að íbúar hafi fjölbreytt tækifæri til þess að kynnast starfsemi sveitarfélagsins og möguleika til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri milliliðalaust við bæjarstjórn og stjórnendur bæjarfélagsins. Fjárhagsáætlun er mikilvægasta stefnumótunartæki þess meirihluta sem situr hverju sinni. Því er mikilvægt að bæjarbúar fái góða og ítarlega kynningu á þeirri stefnumótun sem þar er að finna og hafi tækifæri til þess að leggja fram spurningar og koma með athugasemdir.

#### **Tekju- og hagræðingartillögur**

##### **14. Útsvar**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að útsvarsprósenta ársins 2024 verði 14,74.

#### **Greinargerð:**

Með því að nýta fyrirbyggjandi lagaheimildir í fjárhagsáætlun ársins 2024 gefst fjárhagsauki að upphæð 50 til 60 milljónir króna. Þær fjárhæðir nýtast m.a. til þeirrar mikilvægu verkefna á sviði aukinnar velferðar í bænum, sem finna má í margháttaðum tillögum bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar. Hækkunin frá fyrirbyggjandi tillögu, frá 14.70 í 14.74 er 0,0027%

##### **15. Sparnaður og hagræðing**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fela bæjarstjóra að draga saman kostnað á stjórnsýslusviði í aðkeyptri þjónustu bæjarins á árinu, sem nemur 100 milljónum króna á komandi fjárhagsári.

#### **Greinargerð:**

Öll stærri sveitarfélög landsins og ríkissjóður er jafnan með hagræðingarkröfur á stofnanir viðkomandi aðila, þar sem þeim er falið hagræða og spara. Í fjárhagsáætlun ársins 2023 samþykkti meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks að hagræðingarkrafan væri 500 milljónir. Ekkert var gert í málinu og þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir um sundurliðaðar aðgerðir á þessu sviði, þá komu engin svör. Hér er lagt til þrengri aðkomu að verkefninu og það miði einkanlega að sviði stjórnsýslu og aðkeyptrar þjónustu af ólíkum toga, sem skiptir milljörðum hvað útgjöld varðar í bæjarkerfinu.

##### **16. Leyfisgjald/flýtigjöld vegna rannsóknarborana HS Orku í Krýsuvík.**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að innheimt verði leyfisgjald/flýttigreiðsla/aðstöðugjald vegna væntanlegra jarðborana af hálfu HS Orku í Krýsuvík, að upphæð 500 milljónir króna.

#### **Greinargerð:**

Fyrir liggur að HS Orka mun á komandi misserum ráðast í umsvifamiklar tilraunaboranir í Krýsuvík. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem landeigandi hefur fyrir sitt leyti, samþykkt að í þetta verkefni verði ráðist, enda standa vonir til þess að á þessu svæði finnist umtalsvert magn af heitu vatni sem mun hafa jákvæð áhrif á orkubúskapinn á Stór - Hafnarfjarðarsvæðinu, varðandi heitt og kalt vatn, sem og rafmagnsframleiðslu. Málið er umfangsmikið og margs þarf að gæta, ekki síst varðandi umhverfismál og umgengni. Fyrirliggjandi samkomulag aðila gerir ráð fyrir ítarlegri kynningu gagnvart bæjarbúum. Ekkert hefur orðið að því, þrátt fyrir margar ítrekanir jafnaðarmanna, Samfylkingarinnar, í þá veru. Nýtingarsamningur verður að óbreyttu gerður á næsta ári og þarf bæjarstjórn að fjalla um hann og taka ákvarðanir um gjaldtöku og fleira. Ekki er óvarlegt að áætla að leyfishafinn, HS Orka greiði landeiganda, Hafnarfjarðarbæ á fyrstu stigum aðstöðugjald eða leyfisgjald til að ráðast í þessar boranir sem munu óhjákvæmilega kalla á jarðrask. Þess vegna er er gengið út frá því að HS Orka greiði a.m.k. 500 milljónir í aðstöðugjald til Hafnarfjarðarbæjar á árinu 2024 vegna þessara rannsóknarborana. Það verði síðan metið í hvernig þær greiðslur komi inn í nýtingarsamning aðila áður en eiginlega framkvæmdir hefjast. Vissulega er nokkur óvissa til staðar vegna jarðhræringa ekki fjarri Krýsuvík, nú síðast í nágrenni Grindavíkur. Áhrif þeirra eru ekki að fullu fram komin. Hins vegar gætu afleiðingar þeirra aukið enn frekar á mikilvægi þess að afla jarðvarma frá Krýsuvík, auk neysluvatns og rafmagna, enda er orkuskortur framundan að óbreyttu. Nýtingarheimild er um orkuöflun í Krýsuvík samkvæmt samþykkttri rammaáætlun Alþingis.

#### **17. Lóðasala/ aðstöðugjald /flýttigreiðsla Carbfix**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að tekjufæra 600 milljónir á næsta ári vegna lóðasölu/lóðavilyrðis/aðstöðugjalds til Carbfix /Coda Terminal vegna lóða og aðstöðu á svæðinu ofan Reykjanesbrautar gegnt Álverinu í Straumsvík.

#### **Greinargerð:**

Ljóst er að hið umfangsmikla verkefni sem er í virkum undirbúningi vegna Carbfixverkefnisins svokallað kallar á útgjöld af hálfu Hafnarfjarðarbæjar og ekki síst Hafnarfjarðarhafnar. Þá liggur fyrir að fyrirtækið þarf á stórum lóðum að halda á næstu misserum og stefnir í umfangsmikla úthlutun fyrirtækisins til handa á næstu mánuðum. Bæði ofan Reykjanesbrautar sem og á nýrri uppfyllingu við nýja hafnargerð. Ennfremur kallar starfsemin á sérstakar aðgerðir af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, m.a. gerð nýrrar stórskipahafnar. Í þessari tillögu er aðeins hluti þeirra verðmæta tekjufærður á næsta ári og sérstaklega eyrnamerkur Carbfixverkefninu og hefur ekki áhrif á áætlaðar tekjur bæjarins af annarri lóðasölu. Carbfixverkefnið er enn á byrjunar- og rannsóknarstigi, sem og í umhverfismati. Vanda skal til verka. En ekki er óeðlilegt að fyrirtækið greiði stofngjald í þessa veru, sem gæti m.a. að hluta nýst til undirbúnings hafnargerðar og annarrar aðstöðusköpunar af hálfu bæjarins skv. frekari ákvörðunum. Frekari samningar bæjarins og Carbfix þarf að ráðast í á næsta ári. Þar er í mörg horn að líta.

#### **18. Hækkun þjónustugjalda vegna fráveitu og móttöku frárennslis frá Garðabæ.**

Bæjarfulltrúar Hafnarfjarðar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að þjónustugjöld/tekjur vegna fráveitu hækki um 60 milljónir króna vegna þjónustusamnings bæjarins við Garðabæ.

**Greinargerð:**

Fyrir liggur að fráveitukerfi Hafnarfjarðarbæjar tekur við umtalsverðu magni frárennslis frá Garðabæ. Samningur bæjarfélaganna um þau efni kvað á um árlega greiðslu frá Garðabæ til Hafnarfjarðar að upphæð 12,5 milljónir króna. Sú upphæð er allt of lág og stenst enga skoðun. Sá samningur er útrunninn og þarf að ganga frá nýjum til næstu ára, eða þar til Garðabær hefur lokið stórum framkvæmdum við eigið lagnakerfi. Lagt er til að þessi upphæð verði um 70 milljónir á ári.